



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/179*  
*komudagur 19.11.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. Ágúst G. Ágústssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. nóvember 2003

Sam 309/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

**Efni: Frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl.**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember, var lagt fram bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 90. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl.



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### um frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl. 90. mál

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Stjórnin vekur athygli á því að með þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu eykur ríkissjóður árlegar tekjur sínar af bifreiðanotkun landsmanna um 1.000 m.kr. sem m.a. mun að óbreyttu leiða til aukins kostnaðar í fólks- og vöruflutningum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á frumvörpunum:

Inn í síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 3/1987 verði bætt ákvæði um að almenningsvagnar í áætlunarferðum verði undanþegnir skattskyldu. Jafnframt verði felld niður eftirfarandi setning í 4. gr. sömu laga. „*Pungaskattur skal vera 70% lægri af rekstri almenningsvagna í áætlunarferðum.*“

Í 4. gr. laga nr. 29/1993 verði felld inn ákvæði þess efnis að almenningsvagnar í áætlunarferðum verði undanþegnir vörugjaldi.

Framangreindar breytingartillögur eru í samræmi við það sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni um samgönguáætlun 2003-2014. Þar segir á bls. 19: „*Almenningsamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessar samgöngur af hálfu ríkisins. Frekari stuðningur er æskilegur og ætti að stefna að því að ríkið endurgreiði á lögð gjöld að fullu.*“

Kostnaður við almenningsamgöngur í þéttbýli fer sífellt vaxandi, ekki einungis á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig víða á landsbyggðinni þar sem almenningsamgöngur hafa verið teknar upp í auknum mæli. Um er að ræða nauðsynlega samfélagslega þjónustu sem ekki er lögbundið verkefni sveitarfélaga. Því er eðlilegt að ríkið hætti að skattleggja þá starfsemi. Ennfremur er lögð áhersla á, eins og fram kemur í samgönguáætluninni, að farið verði yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningsamgöngur í þéttbýli í samráði við sveitarfélögin.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. nóvember 2003.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri